



Lúxemborg, 26. júlí 2011

FRÉTTATILKYNNING 6/2011

Dómur í máli E-4/11 *Arnulf Clauder*

SAMEINING FJÖLSKYLDUNNAR OG BÚSETURÉTTUR

Með dómi sem kveðinn var upp í dag sendi EFTA-dómstóllinn frá sér ráðgefandi álit vegna spurninga frá stjórnarsýsludómstól Furstadæmisins Liechtensteins (Verwaltungsgerichtshof des Fürstentums Liechtenstein) um túlkun á búsetutílskipuninni (tílskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB frá 29. apríl 2004 um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálsra flutninga og búsetu á yfirráðasvæði aðildarríkjanna).

Samkvæmt 16. gr. tílskipunarinnar skulu EES-borgarar sem hafa dvalið á löglegan hátt í fimm ár samfleytt í EES-ríki öðlast rétt til ótímabundinnar dvalar þar. Þessi réttur er ekki háður skilyrði um að hafa nægilegt fé til framfærslu. Spurningarnar sem vísað var til dómstólsins snerust í meginatriðum um hvort EES-borgari sem hefur réttindi til ótímabundinnar dvalar, er lífeyrisþegi og þiggur félagslegar bætur í EES-gistiaðildarríkinu, geti gert kröfu um sameiningu fjölskyldunnar, jafnvel þótt aðstandandinn muni einnig gera tilkall til félagslegra bóta.

Sá sem lagði fram kærana við stjórnarsýsludómstóllinn í Liechtenstein er þýskur ríkisborgari sem öðlast hefur réttindi til ótímabundinnar dvalar í Liechtenstein. Hann kvæntist þýskum ríkisborgara og sótti í kjölfarið um heimild til að sameina fjölskylduna. Umsókn hans var hafnað á þeim forsendum að hann gæti ekki fært sönnur á að hann hefði nægilegt fé til að framfleyta sér og eiginkonu sinni án þess að gera tilkall til félagslegra bóta.

Kærandi hefur mótmælt synjun umsóknarinnar við meðferð málsins í Liechtenstein. Hann heldur því fram að tílskipunin feli ekki sér þá kröfu að hann geti sýnt fram á að hann hafi nægilegt fé til framfærslu til að eiginkona hans geti dvalið með honum í Liechtenstein.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að réttinn til ótímabundinnar dvalar, í skilningi 16. gr. tílskipunarinnar, beri að túlka á þann veg að EES-borgari sem hefur réttindi til ótímabundinnar dvalar, er lífeyrisþegi og þiggur félagslegar bætur í EES-gistiaðildarríkinu, geti gert kröfu um sameiningu fjölskyldunnar, jafnvel þótt aðstandandinn muni einnig gera tilkall til félagslegra bóta.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.